

Saga Film ehf.
Pósthólf 5490
125 Reykjavík

Akureyri 25. júlí 2017
UST201707-086/H.V.
09.06.01

Akstur utan vega

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Sagafilm, dags. 10. júlí 2017, um leyfi til að aka utan vega á Emstruleið, við Hafursey og Smyrlabjörg í 1-2 daga á tímabilinu 26. júlí – 3. ágúst n.k.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Svæðið á Emstruleið sem óskað er eftir leyfi til að aka utan vega á er á náttúruminjaskrá (nr. 761).

Lýsing framkvæmdar

Við veg F261, ljósmyndatökur og drónatökur: Áætlað að bíllinn þurfi ekki að færast nema 1-2 metra eftir að hann er kominn utan vega. Gefnir voru upp þrjú kostir (skýringarmynd var í gögnum umsækjanda):

A: Myndavél kyrr við gulu línuna og bíllinn í auglýsingunni keyrir eftir rauðu línunni. (Hér sést fjallið í mynd og bíllinn skilur eftir sig greinileg för í sandinn.)

B: Myndavél er kyrr við veg F261 og bíllinn í auglýsingunni keyrir eftir rauðu línunni. (Hér sést fjallið í mynd og bíllinn skilur eftir sig greinileg för í sandinn).

C: Myndavélin er kyrr við gulu línuna og bíllinn í auglýsingunni keyrir eftir vegi F261.

Ljósmyndir við veg F261 (sjá skýringarmynd í gögnum umsækjanda). Gefnir voru upp þrjú kostir:

A: Keyra upp kletta og taka víða mynd af bíl sem sýnir allt umhverfið. Sýna spor í möl sem leiðir að klettunum.

B: Keyra upp kletta og taka víða mynd af bíl sem sýnir allt umhverfið. Sýna ekki spor í möl sem leiðir að klettunum.

C: Keyra upp kletta og taka þrengri mynd sem sýnir dekk fara yfir steina og grjót.

Hafursey: Ökutæki, sem notað er í auglýsingu, verður ekið eftir slóða sem liggur upp að Hafursey. Sótt er um að aka fjórhjóli við hlið slóðans til þess að mynda meðfram veginum og verður slóðadregið í þau för.

Smyrlabjörg og vegur F985: Fyrirhugað er að taka ljósmyndir og kvikmyndir og nota dróna. Á svæðinu er að mestu mól en það mun þurfa að aka á 1-2 stöðum yfir gróður til að komast á tókustað. Í þau skipti sem bíll hreyfist í mynd er fyrirhugað að hann verði annað hvort á vegi, mól eða á bergi.

Að verkefninu koma 40 starfsmenn og verða eftirdraganleg klósett og aðstöðubílar á svæðinu.

Áhrifamat

Umhverfisstofnun telur að tókurnar við báða tókustaðina við veg F261 sbr. valmöguleika A og B séu líklegar til að gefa rangar upplýsingar um þær reglur sem gilda um utanvegarakstur á Íslandi. Hefur Umhverfisstofnun ekki heimild til að veita undanþágu vegna aksturs utan vegar nema ekki sé unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt. Ekki verður séð að myndefni sem sýnir bíl keyra utanvegar vegna bílaauglýsingar samrýmist þeim heimildum sem stofnunin hefur til að veita undanþágu til aksturs utan vegar. Skiptir þá engu máli að ekki sé hægt að tengja myndefnið við ákveðna staðsetningu. Akstur utanvegar til að komast að tókustöðum við kletta við veg F261, Smyrlabjörg og Hafursey er ekki talin hafa neikvæð áhrif á svæðin sé farið eftir þeim skilyrðum sem stofnunin setur fyrir tókunum.

Skilyrði

Umhverfisstofnun hafnar beiðni umsækjanda um akstur utan vegar meðfram vegi F261. Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi til þess að aka utan vega til að komast að tókustað í klettum við veg F261, tókustað við Smyrlabjörg og við Hafursey, sbr. verklýsingu í umsókn umsækjanda að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tókur hefst og þegar frágangi lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Skila skal inn til Umhverfisstofnunar lokaafurð verkefnisins sem ætlunin er að birta á opinberum vettvangi. Stofnunin metur hvort að afurðin sé í samræmi við þau skilyrði sem fram koma í leyfisbréfi þessu og áskilur sér rétt til þess að krefjast þess að settur verði inn texti með áberandi hætti þar sem fram kemur að akstur utan vega sé óheimill á Íslandi.
- Þess skal gætt að í afurð verkefnisins sjáist ekki að farartæki aki utan vega eða ummerki eftir akstur utan vega.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um akstur utan vega að tókum loknum. **Umferð farartækja utan vega takmarkast við þau svæði þar sem tókur fara fram og skal aðeins vera á ofangreindum svæðum. Aðeins skal ekið á gróðursnauðum svæðum og klettum á fyrrgreindum svæðum.**
- **Óheimilt er að keyra yfir gróin svæði. Þar sem þess gerist þörf við Smyrlabjörg skal þess gætt að ekki sjáist ummerki um aksturinn til dæmis með því að keyra eftir plönkum eða mottum sem hlífa undirlaginu.**
- Starfsmenn við tókurnar gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.

- Allur akstur utan vega er óheimill. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka. Óheimilt er að leggja bílum utan vega, nema skv. 1. mgr. 31. gr. laga um náttúruvernd, bílbreidd frá vegi ef að ekki veldur náttúruspjöllum eða slyshættu.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir framkvæmdinni hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Starfsmenn við tókur skulu sjá til þess að vegslóðar sem myndast við akstur utan vega verði ekki villandi fyrir aðra gesti svæðisins og sjá til þess að óviðkomandi aðilar aki ekki þá vegslóða.
- Gæta skal að mengunarvörnum bifreiða og þess gætt að mengandi vökvar berist ekki í jarðveg.
- Afmá skal öll ummerki um tókurnar og aksturinn á svæðinu þegar þeim er lokið.
- Ganga skal snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt.
- Óheimilt er að raska gróðri og jarðminjum.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tókur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tókunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.

Ábendingar

Umhverfisstofnun bendir á að samþykki landeigenda þarf fyrir tókunum. Sækja þarf um leyfi til sveitarfélags og landeigenda. Eins þarf umsækjandi að sækja um leyfi til Vegagerðarinnar fyrir tókunum.

Gjald


Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til aksturs utan vega í tengslum við kvikmyndagerð. Gjaldið er 39.400 kr. sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar, nr. 535/2015.

Eftirlit


Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit með framkvæmdinni og frágangi. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar, nr. 535/2015, 13.200 kr/klst.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 91. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er heimilt að kæra ákvörðun þessa til umhverfis- og auðlindaráðherra. Aðsetur ráðuneytisins er að Skuggasundi 1, 101 Reykjavík.

Virðingarfyllst



Gunnlaug Einarsson
Sviðsstjóri



Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur

